

Fundur stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Arnspings haldinn að Borg í Grímsnesi 17. desember 2024, kl. 13:00

Mættir eru:

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Flóahrepps, formaður

Árni Eiríksson, oddviti Flóahrepps

Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri Hrunamannahrepps

Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsness- og Grafningshrepps

Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri í Bláskógabyggð

Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar

Sylvía Karen Heimisdóttir, sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Haraldur Þór Jónsson, oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Fundargerðin aritaði Aldís Hafsteinsdóttir.

Formaður, Hulda Kristjánsdóttir, setti fund og stjórnaði.

Hér var gengið til dagskrár:

1. Starfsemi og skipulag.

Á fundi stjórnar SVÁ þann 22. nóvember sl. var formanni og ritara stjórnar falið að ræða við deildarstjóra um starfsemi SVÁ og framtíðarskipulag. Þessir fundir áttu sér stað á Þingborg þann 2. desember sl. Annars vegar var fundað með deildarstjóra velferðarþjónustu og hins vegar með deildarstjóra skólaþjónustu.

Rætt var um stöðu þjónustunnar og reynslu undangenginna tveggja ára. Eftir samtölin er ljóst að starfsemin tekst á við ýmsar áskornir svo sem manneklu, húsnæðismál, vegalengdir á milli staða og fleira.

Stjórn samþykkir samhljóða að fela formanni að kanna hvaða fagaðili er best til þess fallinn að gera úttekt á starfsemi SVÁ, nú þegar tvö ár eru liðin frá stofnun þjónustunnar enda er það mat stjórnar að tímabært sé að meta á þessum tímapunkti hvernig til hefur tekist.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:10